



## Fyrirhuguðum breytingum í grunnskólanum haustið 2006 frestað!

Eins og fram kom í gær var undirritað samkomulag um tíu skref til sóknar í skólastarfi milli stjórnar Kennarasambandsins, stjórnar félaga Kennarasambands Íslands og menntamálaráðherra.

Með samkomulaginu er stefnt að sveigjanlegra skólakerfi á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar.

Þetta þýðir meðal annars að fyrirhuguðum breytingum sem áttu að hefjast í 8. bekk grunnskólans 2006 verður frestað til haustsins 2007.

Það er von og trú Kennarasambands Íslands að á þennan hátt fái kennarar að taka

raunverulegan þátt í mótun menntastefnunar.

Mörg þeirra 10 atriða sem nefnd eru í samkomulagi aðila hafa lengi verið helstu baráttumál kennara. Má í því sambandi nefna baráttu þeirra fyrir lengri og bættri kennaramenntun, áherslu þeirra á endurmenntunarmál, aukinn sveigjanleika í námi og aðgerðir til að draga úr brottfalli nemenda.

Nú fer í hönd vinna aðila við að útfæra samkomulagið. Eiríkur Jónsson formaður KÍ sagði m.a. í gær á blaðamannafundi þegar málið var kynnt: „Grundvöllur þessa samkomulags er að menn hafa orðið ásáttir um málefni sem þeir ætla að vinna að saman. Við höfum höfum reynt að vinna

af trúmennsku og heiðarleika og verðum að sjá hvað út úr því kemur. Ég vona að í heild sinni verði þetta skólakerfinu og samfélaginu til heilla“.

Á blaðamannfundinum í gær vék Eiríkur Jónsson formaður KÍ að frestun á fyrirhugaðri styttingu námsstíma til stúdentsprófs: „Þetta er frá okkar hendi hugsað þannig að með því fáum við tíma til þess að vinna þá vinnu sem við viljum vinna og sem þetta samkomulag byggir á“. Í þessu sambandi skipti áráfjöldinn ekki mestu máli heldur innihald námsins.



## Samkomulagið og punktarnir 10

### Tíu skref til skólasóknar

Kennarasamband Íslands og menntamálaráðherra vinna samhent að betra skólakerfi með breyttri námsskipan.

Íslenskt þjóðfélag hefur tekið miklum breytingum á síðastliðnum árum. Framundan eru umfangsmiklar breytingar á menntakerfinu er endurspeglar þessa þróun. Menntamálaráðherra og Kennarasamband Íslands eru sammála um eftirfarandi verkefni sem stefna að sveigjanlegra skólakerfi og munu sameina krafta sína til að búa vel að samfelli skólastarfs við breytta námsskipan.

**1.** Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hefst vorið 2006.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar er aukin samfella milli skólastiganna, sveigjanleiki milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmið er betri menntun og betri námsárangur nemenda.

**2.** Efling kennaramenntunar er ein helsta forsenda þess að hægt sé að þróa og styrkja íslenska menntakerfið. Nefnd um framtíð kennaramenntunar er nú að störfum og verður tekin ákvörðun um markvissa eflingu kennaramenntunar á grundvelli niðurstaðna hennar.

**3.** Framhaldsskólum verður gefinn fjögurra ára aðlögunartími til að takast á við breytta námsskipan út frá eigin skipulagi. Það mun draga úr þeirri spennu er myndast í framhaldsskólum og háskólum vegna breyttrar námsskipunar.

**4.** Unnið verður að eflingu endurmenntunar kennara á öllum skólastigum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa og breytta námsskipan.

**5.** Starfsheiti leikskólakennara verður löggilt.

**6.** Verk- og starfsnám í grunn- og framhaldsskólum verður

eftt, skipulag einfaldað og hvatt til aukinnar aðsóknar í slíkt nám.

**7.** Almenn braut framhaldsskólans verður endurskipulögð og eflid með viðtækum hætti, náms- og starfsráðgjöf styrkt og stuðlað verði að því að áfram dragi úr brottfalli í framhaldsskólum.

**8.** Námefnisgerð allra skólastiga verður eflid með nýjum lögum um Námsgagnastofnun, eflingu þróunarsjóða og námsefnisgerðarsjóðs auk aukinnar áherslu á gerð stafræns námsefnis.

**9.** Fjar- og dreifnám verður skilgreint með skipulegum hætti í samræmi við gæðamat í því skyni að auka sveigjanleika skólakerfisins og fjölga valkostum.

**10.** Aðilar vinna saman að því að starf kennara og starfsumhverfi verði aðlaðandi og eftirsóknarvert.

Aðilar eru sammála um að samhliða vinnu við ofangreinda þætti þá verði gengið frá námskrám grunn- og framhaldsskóla sem nú eru á vef menntamálaráðuneytisins til umsagnar.

Ráðherra mun taka afstöðu til þess ef einhverjir skólar óska eftir því að taka upp nýjar námskrár fyrr ef þannig aðstæður eru uppi.

Ráðherra mun beita sér fyrir að áhrif væntanlegra á starfsmenn verði milduð svo sem kostur er, m.a. með skipun ráðgjafarnefndar um starfsmannamál framhaldsskólanna, sbr. tillögur starfshóps um starfsmannamál í skýrslunni Breytt námsskipan til stúdentsprófs.

Kostnaður af framangreindum breytingum og starfi er borinn af þeim breytingum sem breytt skólaskipan hefur í för með sér samkvæmt áætlun sem liggja mun fyrir við fjárlagagerð 2008.